Stefnumót á myndfletinum

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Erró, vatnslitamyndir

Til 29. apríl. Opið daglega 10–17. Aðgangur fullorðinna 500 kr. 250 kr. eldri borgara og öryrkja, börn yngri en 18 ókeypis. Miðinn gildir á Kjarvalsstaði og í Ásmundarsafn í 3 daga. Ókeypis aðgangur á fimmtudögum.



Morgunblaðið/G.Rúnar

Fengur „Verk Errós eru flestum kunn en engu að síður er fengur í að skoða vatnslitasýninguna," segir m.a. í gagnrýni.

ERRÓ-SAFNIÐ í Listasafni Reykjavíkur, sem staðsett er í Hafnarhúsi, skiptir reglulega um sýningar. Nú hefur verið sett upp sýning á vatnslitamyndum Errós, allt frá níunda áratugnum og fram á síðustu ár. Rétt eins og að líkum lætur þegar hinn afkastamikli Erró á í hlut er mikill fjöldi verka á sýningunni. Einnig er uppspretta Errós í mörgum mynda hans, teiknimyndaseríur, sýnd í safninu, í tveimur glerborðum og er forvitnilegt að sjá. Vatnslitamyndirnar eru sjálfstæð verk en einhverjar þeirra birtast síðar í nýrri mynd í stærri verkum.

Myndbyggingin er svipuð og í klippimyndum Errós og virðist sem svo að listamaðurinn búi stundum fyrst til klippimynd og stækki hana síðan upp í vatnslitaverk, oft breytast þá andlitsdrættir og línur taka nýja stefnu.

Viðfangsefni Errós er jafnan samtíminn og verk hans oftast hlaðin pólitískri ádeilu og skoðunum. Hér má stundum sjá sama mótífið birtast aftur og aftur, dæmi um það er t.d. myndbirting Sovétríkjanna. Rétt eins og hasarblöðin og pólitísk heimsmynd fjölmiðlanna, sem Erró sækir svo mikið til, er myndheimur verka hans fyrst og fremst hádramatískur. Húmor er ekki vopn hans þó að hann komi fyrir. Þannig einkennist heimur teiknimyndahetjanna líka ýmist af hrakföllum eða hetjudáðum, rétt eins og myndbirting samtímans í fjölmiðlum. Raunveruleikinn er hér hvergi nærri nema í þessari umbreyttu mynd sem nú er löngu orðin þekkt í skrifum fræðimanna á borð við Baudrillard sem einhvers konar eftirmynd raunveruleikans, sýndarveruleiki, ofurveruleiki og hefur birst í myndverkum Errós allt frá sjötta áratugnum. En Erró umbreytir enn frekar þessari eftirmynd veruleikans og skapar sinn eigin Erróíska, súrrealíska heim þar sem ólíkir heimar mætast.

Stundum er umheimurinn til staðar sem hinn stóri heimur utan gluggans, eða á skjánum í stofunni, rétt eins og í lífi okkar og í sumum verkanna er tilfinning fyrir harkalegu stefnumóti einkaheims og ytri veraldar. Þessi tilfinning fyrir einhvers konar innileika eða einkaheimi er án efa undirstrikuð af miðli verkanna, vatnslitunum þar sem fram koma stundum næstum því mistök, línur eru ekki alltaf fullkomnar og litafletir eru lifandi á máta sem síður gefur að líta í grafíkverkum Errós.

Verk Errós eru flestum kunn en engu að síður er fengur í að skoða vatnslitasýninguna sem einnig nær yfir nokkuð langt tímabil bæði í sögu listamannsins og samtímans. Myndbygging, myndhugsun og vinnulag listamannsins birtist hér á nokkuð tæran og aðgengilegan hátt og sér í lagi er áhugavert að skoða hvernig Erró skiptir upp myndfletinum, stundum lóðrétt og lárétt eins og rúðustrikað blað og hvernig hann umbreytir og vinnur með frásagnarmáta teiknimyndaseríanna og gerir að sínum eigin.

Ragna Sigurðardóttir



Morgunblaðið/Kristinn

Ánægðir Magnús Rafnsson og Sigurður Atlason halda verðlaunagripnum á milli sín á Bessastöðum í gær.

Strandagaldur fær Eyrarrósina

STRANDAGALDUR hlaut í gær Eyrarrósina 2007 en hún er veitt fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Það var verndari Eyrarrósarinnar, Dorrit Moussaieff forsetafrú, sem afhenti Sigurði Atlasyni, framkvæmdastjóra Strandagaldurs, og Magnúsi Rafnssyni stjórnarformanni verðlaunin; fjárstyrk að upphæð 1,5 milljón og verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur.

Undir hatti Strandagaldurs eru m.a. Galdrasafnið á Hólmavík, Kotbýli kuklarans og Þjóðtrúarstofan á Ströndum. Þar hefur verið dregin saman vitneskja um 17. öldina, þjóðsagnir, hugarheim og menningararf Strandasýslu sem tengist göldrum.

Í umsögn dómnefndar segir m.a.: „Strandagaldur stendur að fjölbreyttum verkefnum og sýningum á sviði þjóðfræði og sýningarhalds og hefur frá upphafi vakið verðskuldaða athygli innanlands og utan. Sérstaða svæðisins er nýtt til að draga fram íslenska þjóðtrú og sögu og óhætt er að fullyrða að verkefnið á sér ekki hliðstæðu."

Enn fremur segir að metnaður og fagþekking séu höfð að leiðarljósi í starfsemi Strandagaldurs og að rík þátttaka heimafólks í starfinu sé til fyrirmyndar.

Eyrarrósin á rætur sínar í því að árið 2004 gerðu Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands með sér samkomulag um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni til þriggja ára. Var nýr samningur um samstarfið undirritaður á Bessastöðum í gær.

SIGLINGASTOFNUN

VEGAGERÐIN

Samgönguráð

Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin
Samgönguráðuneytið

Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til annars fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

Öryggi vega

- **Öryggi vega, reynsla Svía.**
  Torsten Bergh, hjá sænsku Vegagerðinni.
- **Öryggisaðgerðir á vegum.**
  Auður Þóra Árnadóttir, forstöðumaður hjá Vegagerðinni.
- **Öryggi vegamannvirkja.**
  Jón Helgason, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni.
- **Umræður og fyrirspurnir.**

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 22. febrúar 2007 kl. 15-17 á Grand Hótel Reykjavík. Aðgangur er ókeypis og öllum er heimill aðgangur. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 22. febrúar nk.

Næstu fundir í fundaröðinni: Fjármögnun samgöngumannvirkja og Umhverfislega sjálfbærar samgöngur.



ÍMARK - blaðið

Fimmtudaginn 1. mars 2007 fylgir Morgunblaðinu glæsilegt sérblað um íslenska markaðsdaginn

Meðal efnis er:

- Ný hugsun og nýjar samskiptaleiðir á markaðnum.
- Hvað er það við land og þjóð sem vekur áhuga erlendra markaðsmanna?
- Hvernig á að standa að markaðssetningu á netinu?
- Hvað er nýtt og ferskt í auglýsingaiðnaði?
- Tilnefningar til ÍMARK verðlaunanna - Hverjir keppa um Lúðurinn?
- Niðurstöður úr árlegri könnun Capacent meðal markaðsstjóra 360 stærstu auglýsenda.

Auglýsendur!
Pantið fyrir kl. 13 mánudaginn 26. febrúar

Allar nánari uppl. veitir Katrín Theódórsdóttir í síma 569 1105 eða kata@mbl.is

Morgunblaðið